



Ársskýrsla Umhverfissviðs Reykjanesbæjar 2021

Umhverfissvið:

Umhverfissvið starfar í umboði umhverfis- og skipulagsráðs og eru málaflokkar þess umhverfis- og samgöngumál skipulags- og byggingarmál og eignaumsýsla.

Árið 2021 hefur verið eins og hjá öllum mjög einkennilegt og hefur allt starf litast mjög af heimsfaraldri sem kom til lands í upphafi árs 2020. Áhrif heimsfaraldursins á verkefni sviðsins hafa verið sveiflukennnd eins og á aðra starfssemi Reykjanesbæjar og hefur fyrst og fremst miðast við þær takmarkanir sem gefnar eru út hverju sinni. Einnig hafa verklegar framkvæmdir tafist eða raskast vegna veikinda eða einangrunar starfsmanna og/eða verktaka. Við þetta ástand bætast jarðhræringar á Reykjanesi sem höfðu töluverð áhrif á forgangsröðun verkefna á árinu. En þrátt fyrir þessi áföll gengu verkefni sviðsins mjög vel. Áfram var unnið í að rafvæða skrifstofu byggingarfulltrúa, heildarendurskoðun aðalskipulags Reykjanesbæjar var unnin allt árið sem og töluvert af deiliskipulagsbreytingum sem fengu samþykki. Áfram var unnið í stígagerð og umhverfisverkefnum og umferðaröryggi barna var okkur starfsfólki Umhverfissviðs hugleikið.

Hér verður farið yfir helstu verkefni á Umhverfissviði á árinu.

Skipulagsmál:

Skipulagsfulltrúi er Umhverfis- og skipulagsráði til aðstoðar við framfylgd skipulagsmála. Veitir framkvæmdarleyfi og stýrir skipulagsmálum.

Vinnu við endurskoðun aðalskipulags Reykjanesbæjar lauk á árinu, fram undan er auglýsinga- og kynningarferli. Undirbúningur næstu endurskoðunar er hafinn. Unnið var að undirbúningi endurskoðunar Svæðisskipulags Suðurnesja og tekið var þátt í þróunaráætlun Keflavíkurflugvallar. Samráðsferli um Suðurnesjalínu 2 lauk og framkvæmdaleyfi gefið út á árinu. Alls voru 377 mál tekin fyrir á 21 fundi árið 2021. Málafjöldi á fundum var að meðaltali 18, en oftast voru um 12-25 mál afgreidd. 16 ný og breytt deiliskipulagsverkefni voru afgreidd og nokkur undirbúin. Um 60 grenndarkynningar og 75 lóðarumsóknir voru afgreiddar. Veittar voru umsagnir vegna skipulagsmála nágrannasveitarfélaga, skipulagsstofnunar og ýmsa annarra aðila. Lögð voru drög að skógræktaráætlun og fjöldi mála sem tengjast umhverfis- og sérstaklega loftslagsmálum afgreidd.

Byggingarmál:

Byggingarfulltrúi er stjórnvaldið og sá aðili sem gefur út byggingarleyfi. Hann krefst tilskilinna gagna og sér til þess að uppfyllt séu ákvæði laga og reglugerða um leyfisveitinguna.

Álag á embætti byggingarfulltrúa var í meðallagi árið 2021. Vinna við skráningu fasteigna og lóða hefur verið viðvarandi allt árið, unnið hefur verið í skjalamálum jafnt og þétt og haldið var áfram að skanna inn eldri gögn í skjalavistunarkerfi. Mikið hefur verið að gera í lokaúttektum á mannvirkjum. Vinna við uppfærslur og þróun á skjalavistunarkerfi hélt áfram í samstarfi við Hugvit.

Vinna við þróun á notkun rafrænna undirritunar uppdráttá hófst á árinu og hefur gengið mjög vel, áætlað er að fara í fulla virkni í upphafi árs 2022.

Afgreiðslufundir byggingarfulltrúa voru 22 á árinu þar sem 234 erindi voru tekin fyrir. Af þeim voru 132 samþykkt, 22 erindum vísað til frekari afgreiðslu til skipulagsfulltrúa, 35 erindum var frestað og 2 hafnað, einnig voru veitt 43 stöðuleyfi. Um 63 lóðum var úthlutað á árinu.

Eignaumsýsla

Reykjanesbær á og rekur tæpar 60 eignir af öllum stæðum og gerðum. Eignaumsýslan er góður stuðningur við starfsmenn allra stofnanna.

Á sviði Eignaumsýslu eru þrjú stöðugildi. Helstu verkefni deildarinnar eru framkvæmdir og viðhald fasteigna í eigu Reykjanesbæjar. Þá aðstoðar sviðið Fasteignir Reykjanesbæjar sem er séreignarfélag við ýmis verkefni.

Árið 2021 var eins og önnur ár, farið í viðhaldið að mestu í sumarfríum skóla og leikskóla. Skólar eru í sumarfrí í tæpa þrjá mánuðir og leikskólar loka allir á sama tíma í fimm vikur. Glugginn til framkvæmda er því ekki stór þegar kemur að viðhaldsmálum sem ekki mega hafa áhrif á skólastarfið. Með nýjasta skólanum, Stapaskóla, eru skólarnir orðnir sjö. Leikskólar sem eru alfarið í rekstri Reykjanesbæjar eru fimm og fjórir leikskólar eru reknir af öðrum aðilum. Í Akurskóla voru breytingar innanhús, gerð ný kennslustofa fyrir sérkennslu og ein stofa uppfærð fyrir börn með greiningar. Eldhús og matsalur kennara var endurnýjað og aðstaðan þannig gerð betri fyrir starfsmenn. Í Háaleitisskóla var klárað að fjarlægja síðustu teppin úr kennslustofum, klárað að skipta út síðustu álguggunum og skipt um nokkrar innihurðir. Lokið var við að uppfæra brunakerfið og nokkrir fermetrar af kerfislofti voru málaðir. Í Heiðarskóla var eldhús og matsalur kennara endurnýjaður og þykir hafa tekist vel til. Holtaskóli fékk líka góða yfirhalningu en skipt var um sex stóra glugga, eina útidyrhurð og áfangi 2 í endurnýjun á þakjárnri. Sökum skorts á kennslustofum þá var stofa sem hefur hýst „smelt“ breytt í almenna kennslustofu. Í Njarðvíkurskóla var klárað að klæða þá hlið að utan sem stendur við Þórustíg. Þá þurfti að endurnýja smíðastofuna vegna athugasemda frá bæði Heilbrigðis- og Vinnueftirliti. Í Myllubakkaskóla var skipt um 5 glugga. Þar sem illa hefur gengið að uppræta myglu í þessu húsnæði þá var ákveðið að fara ekki í meiri viðhaldsframkvæmdir heldur stefnt á allsherjar yfirhalningu á húsnæðinu og er sú vinna komin af stað.

Leikskólinn Tjarnarsel, þar var fataklefi starfsmanna kláraður. Í Leikskólanum Garðasel var áfram unnið við viðgerðir á rakaskemmdum og sér fyrir endann á því. Leikskólinn Heiðarsel, þar var tréverk málað. Leikskólinn Völlur var málaður að utan. Gæsluvöllur við Ásabraut fékk upplýftingu bæði að utan og innan. Þá er einnig þó nokkuð um smá viðhald og þó nokkuð um ófyrirséð tilvik sem þarf að bregðast við, á þetta bæði við um skóla og leikskóla.

Íþróttamannvirkin eru á sama stað og skólar og leikskólar, en viðhaldsvinna fer fram á þeim tíma sem skólar eru í sumarfrí. Í Íþróttamiðstöð Heiðarskóla þurfti að endurnýja hluta af þaki yfir sundlaug og voru þakgluggar fjarlægðir. Þá var loftræsting uppfærð þannig að sama kerfið er ekki lengur að þjóna sundlaug og búningsklefum. Íþróttahús við Myllubakkaskóla fékk nokkra nýja glugga og íþróttagólf var slípað og lakkað.

H88 húsið var málað að utan og hjólastólalyfta sett upp í húsinu. Rammahúsið Seylubraut 1, 25 ára skolun á sprinkler, kaldavatnið endurnýjað, anddyri lagað og unnið við viðgerðir á þaki vegna leka. Selið, þar var byrjað að skipta út flúrlömpum fyrir ledlampa.

Auk alls þessa þarf að taka út leiðar- og neyðarlýsingu á hverju ári, yfirfara loftræstikerfi tvisvar á ári ogtaka á móti skýrslum frá bæði Vinnu- og Heilbrigðiseftirliti. Samskipti við ræstiaðila og tryggingar eru einnig á borði eignaumsýslu sem og yfirferð á reikningum frá Hs veitum og Orku Náttúrunnar.

Það hefur komið illa við okkur eins og aðra hvað efnisverð hefur hækkað mikið á árinu en dæmi er um allt að 100% hækkun á byggingarefnum. Þá hefur atvinnuástand líka verið gott á svæðinu og við því oft þurft að hafa mikið fyrir því að fá verktaka til okkar.

Annars er það bara árið 2022 og áfram gakk.

Öryggis- og vinnuvernd

Öryggis- og vinnuvernd er hluti af eignaumsýslu í góðu samstarfi við mannauðsdeild

Viðbragðs- og neyðaráætlanir voru unnar á árinu og eru að mestu klárar fyrir stofnanir RNB og sveitarfélagið í heild sinni en á eftir að finna þeim góðan stað þannig að allir hafi sem bestan aðgang að þeim.

Reykjanesbær keypti varaafstöð á árinu sem er hugsuð til að veita fjöldahjálparstöð sem staðsett er í íþróttahúsinu við Sunnubraut nauðsynlegt rafmagn í neyðarástandi. Allar tengingar við fjöldahjálparstöðina voru kláraðar á árinu ásamt því að stöðin var prófuð og fengu viðeigandi aðilar sem koma að fjöldahjálparstöðina.

Útboð var á fjargæslu, farandgæslu og þjónustusamningum viðvörðunarkerfinu á árinu og fór það svo á Öryggismiðstöðin varð hlutskörpust í því útboði.

Á sama tíma var eftirlit með slökkvitækjum og brunaslöngum boðið út og fyrirtækið Eldvarnir, sem staðsett í Reykjanesbæ, hélt sínum samning.

Umhverfisdeild:

Umhverfismiðstöð Reykjanesbæjar hefur með allar jarðvegsframkvæmdir að gera hvort sem það eru fráveitu - eða gatnaframkvæmdir. Almenningsamgöngur falla einnig undir Umhverfisdeild.

Stórátak var unnið í eignaskráningu innviða Reykjanesbæjar árið 2021 og liggja nú fyrir rafræn landupplýsingagögn yfir verðmætustu innviði sveitarfélagsins. Þannig höfum við góðar upplýsingar um t.d. legu og umfang gatna, fráveitukerfis, gatnalýsingar og opinna svæða svo dæmi séu tekin. Með þessu er t.d. auðveldara að vinna viðhaldsáætlanir og halda utan um ástand helstu innviða.

Í Sóltúni og Miðtúni var ráðist í heildar endurnýjun allra lagna og alls yfirborðs. Þá var haldið áfram að mynda og ástandsmeta fráveitulagnir, en ljóst er að kominn er tími til að setja enn frekari fókus á fráveitu Reykjanesbæjar. Mikilvægt er að ákveða staði sem hægt væri að fódra til að auka líftíma núverandi lagna. Sú aðgerð minnkar rask og er ódýrari og hugsuð til að vinna tíma við forgangsröðun nauðsynlegra framkvæmda.

Undirbúningur að endurnýjun lagna í Garðavegi er að ljúka og verður framkvæmt vorið 2022. Einnig er unnið að skoðun á öðrum hverfum og forgangsröðun. Mikið verk er fram undan í fráveitumálum Reykjanesbæjar með byggingu nýrra hreinsi- og dælumannvirkja en ný reglugerð um fráveitumál mun gera ríkari kröfur um hreinsun og mengunarvarnir.

Lagning heilsustíga hefur gengið mjög vel og mikil ánægja hefur ríkt á meðal íbúa með nýja stíga og yfirlagnir gatna, enda var fjárheimild aukin til beggja málaflokka.

Mikið starf hefur verið unnið í að kanna hvernig Umhverfissvið getur stutt við orkuskipti í samgöngum á svæðinu og miðar því starfi vel.

Umhverfismiðstöð

Umhverfismiðstöð Reykjanesbæjar hefur með rekstur og viðhald gatnakerfis og opinna svæða að gera. Þá annast Umhverfismiðstöðin einnig snjómokstur og hálkuvarnir í sveitarfélaginu.

Í upphafi árs störfuðu 19 manns í Umhverfismiðstöð við hin ýmsu störf sem lúta að þjónustu við íbúa og stofnanir á vegum Reykjanesbæjar. Nú í lok þessa árs eru 15 starfsmenn í fullu starfi. Starfsmaður á skrifstofu lét af störfum vegna veikinda og þrír aðrir verkamenn sögðu upp störfum. Vegna breytts fyrirkomulags vegna ráðninga er ekki búið að ákveða hvort ráðið verður í störf eða ekki. Verkefni Umhverfismiðstöðvar er að öllu jöfnu hefðbundin eftir árstíma og mismikið álag að hverjum tíma. Helstu verkefni eru viðhald gatna svo og öll önnur götugögn, viðhald á leik- og grunnskólalóðum, opin útivistar- og leiksvæði, ruslahreinsun og tæming á tunnum

Mikið var að gera í eftirliti með verktökum sem eru að grafa í bæjarlandinu, nægir þar að nefna ljósleiðaravæðingu Gagnveitunnar og Mílu. Áfram var unnið að gerð Heilsustíga. Keflavíkur og Njarðvíkurhringur voru kláraðir á

Þessu ári. Samhliða því verkefni var sett vegleg upplýft gangbraut við hringtorg við Bolafót ásamt bætri lýsingu. Gróðursett var meðfram hluta af þessum stígum en þar má t.d. nefna stígan sem liggja við nýjan gervigrasvöll og í gegnum Njarðvíkurskóga. Stefnt er að því að fara í gerð heilsustíga á Ásbrú á árinu 2022. Lokið var við uppsetningu á nýrri þrautabraut í Njarðvíkurskógum samhliða því var hundgerðinu sem var inni í svokölluðu tankstæði fundin nýr staður rétt utan við tankstæðið. Áfram var unnið við uppsetningu á bláhöttum við gönguleiðir við grunnskóla leiðir barna og ungmenna. Einnig voru sett upp 10 hraðavaraskiliti vítt og breytt um bæinn flest öll eru staðsett við grunnskóla.

Vinna hófst við að endurnýja öll umferðarljós í Reykjanesbæ seinni hluta þessa árs og mun þeim framkvæmdum ljúka á árinu 2022

<hr/> Vinnuskóli og garðyrkjudeild Vinnuskóli Reykjanesbæjar fellur undir Umhverfismiðstöð Vinnuskólinn er í raun stærsti einstaki vinnustaður Reykjanesbæjar á hverju ári.	Á sumrin eru Vinnuskóli og Garðyrkjudeild gerð út frá Umhverfismiðstöð, en það vantar að finna þessari starfsemi varanlegt húsnæði svo skrifstofan verði ekki áfram á hrakhólum. Líkt og undandarin ár fjölgaði mjög í hópi starfsmanna og voru samtals 882 starfsmenn hjá Vinnuskólanum og garðyrkjudeild við ýmiskonar störf frá miðjum maí og fram í miðjan ágúst (735 sumarið 2020), kemur þar til sérstakt atvinnuáttak vegna Covid-19 fyrir starfsfólk sem er 18 ára og eldri m.a. í garðyrkjudeild og skógræktaráttaki. Nemendur Vinnuskóla höfðu kost á vinnu frá 60 klst (8.bekkur) uppí 120 klst (9-10. Bekkur) vinnustundir á sjö vikna tímabili. Nemendur sem eru 15 ára á árinu, tóku þriðja ári í röð þátt í þriggja daga verknámssmiðjum í samstarfi við Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Verkefni vinnuskóla eru almenn hreinsun og fegrun umhverfis en felst það helst í hreinsun á stofnæðum og opnum svæðum, gróðurbeðum og leiksvæðum. Einnig fara nemendur í svokallaða hverfahreinsun eins og tækifæri gefst til. Nemendur í garðyrkjuhópi sjá um sumarblómin og sláttur verkefni víða um bæinn samhliða því að sinna beðahreinsun og tilfallandi verkefnum.
--	---

Nánar má lesa um starf vinnuskóla í skýrslu Vinnuskólans.

<hr/> Fráveita: Fráveita Reykjanesbæjar er B hlutastofnun í eigu Reykjanesbæjar. Umhverfissvið annast allan daglegan rekstur sem og allar nýframkvæmdir fráveitukerfisins.	Fráveita Reykjanesbæjar verður í eldlínunni næstu ár, enda verkefni aðkallandi og fjárfestingarþörfin mikil. Fráveita eldri bæjarhluta er gömul og þarfnast endurnýjunar. Mikil vinna hefur verið lögð í að koma gögnum á stafrænt form sem er forsenda þess að geta skipulagt framtíðar viðhald, framkvæmdir og reglubundið eftirlit. Búnaður var keyptur svo starfsmenn sviðsins geti tekið einfaldar GPS mælingar, t.d. hæðarsetningar brunna og legu lagna. Starfsmönnum tókst að finna mikið af rafrænum gögnum sem Bandaríkjaher skildi eftir sig. T.d. er viðamikilið ofanvatnskerfi Ásbrúar nú í grunni fráveitunnar. Unnið hefur verið að gagnaöflun sem tryggir réttar hönnunarforsendur þeirra breytinga og endurbóta sem eru nauðsynlegar. Þetta var m.a. gert 2021 með rennismælingum við útrásir og gerð straumlíkans fyrir áhrifasvæði fráveitunnar í Stakksfirði. Vatnaskil skilaði nýlega af sér líkani sem sýnir að erfitt getur reynst að tryggja hreina strandlengju með því eina vopni að dæla grófhreinsuðu skolpi til sjávar. Annað og meira þarf að koma til svo þessum málum verði vel fyrir komið. Starfsmenn
--	---

umhverfissviðs eru að skoða ýmsa kosti sem áður þóttu langsóttir en þykja nú raunhæfir. Má þar t.d. nefna nýlegar hugmyndir um nýtingu hreinsaðs fráveituvatns til vetnisframleiðslu í Helguvík.

Nýtt fagráð fráveitu er í móttun en hlutverk þess er að greina betur kostnað og fýsileika þeirra kosta sem bjóðast í þeirri stöðu sem uppi er.

Endurgerð og endurbótum fráveitulagna verður haldið áfram 2022 og má þar helst nefna endurgerð Garðavegar.

Magn frárennslis sem fer í gegnum Hreinsistöð við Fitjabraut jókst úr 50l/s (lítrum á sekúndu) að meðaltali í byrjun árs í að meðaltali 110l/s í lok árs. Ástæða þessarar aukningar eru lagfæringar á kerfinu. Áður hafði þetta frárennslis borist óhreinsað til sjávar.

Jafnframt er stöðin á Fitjabraut nú með viðeigandi leyfi og undir auknu eftirliti. Þá hafa einnig verið gerðar lagfæringar á því ferli hvernig fylgst er með gæðum hreinsunar þess skolps sem dælt er til sjávar.

Fráveita Reykjanesbæjar er meðal mikilvægustu innviða sveitarfélagsins og hana þarf að styrkja og viðhalda til framtíðar með rétttri hönnun, réttum tæknilausnum og tryggum rekstri.

Fjárfestingar

Árlegar fjárfestingar eru ákvarðaðar af bæjarráði við gerð fjárhagsáætlunar hvers ár

Nýr og stórglæsilegur gervigrasvöllur var tekin í notkun á árinu sem og nýtt og endurbætt útisvæði vatnaveraldar með nýjum pottum, gufu, útklefum og vatnsrennibraut. Stapaskóli 1 áfangi var tekin í notkun og framkvæmdir við áfanga II hófust í lok árs. Undirbúningur á áfanga III er einnig hafin. Útboð á hönnun á nýju hjúkrunarheimili lauk í árslok og er hönnun á því verkefni komin á fullt. Framkvæmdir við Dalshverfi III hófust og eru langt komnar. Stefnt er að úthlutun lóða í ársbyrjun 2022. Um 2 km af nýjum Heilsustíg var lagður og 7,5 km af götum

bæjarins fengu nýja yfirlögn. Þá skiptum við út um 350 götulömpum á árinu með LED ljósum sem eru mun hagkvæmari í rekstri. Í fráveituverkefnum var farið í að skipta út lögnum í tveim götum, Sóltúni og Miðtúni. Farið var í átak við að bæta umferðaröryggi barna til og frá skóla með aukinni lýsingu og upphækkun á gangbrautum.

*„The right way to
determine your future
is by creating it“.*

Árið 2021 er svipað og árið 2020 að því leyti að enn er heimsfaraldur að ganga yfir og ofan á það bætast jarðhræringar á Reykjanesi sem urðu þess valdandi að farið var í nauðsynlega vinnu við viðbragðsáætlun sveitarfélagsins. Þá urðu einnig töluverðar mannbreytingar á árinu sem er að líða.

Samskipti við önnur svið og aðra starfsmenn Reykjanesbæjar sem og bæjarfulltrúa hafa verið mjög góð og því ber að þakka. Starfsfólk Umhverfissviðs lítur nýtt ár spennandi augum og er fullt tilhlökkunar að takast á við þau verkefni sem þeim verða falin.

Unnið með starfsmönnum Umhverfissviðs í janúar 2022

Guðlaugur H Sigurjónsson
Sviðsstjóri Umhverfissviðs



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTTLEIKANS